



Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Laugavegur 24
108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. júní 2005
Tilvísun: UST20050400184/sf

Snjóflóðavarnir í Holtahverfi, Ísafjarðarbæ. Tillaga að matsáætlun.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 26. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um tillögu að matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við tillöguna.

Valkostir

Umhverfisstofnun bendir á að ekki koma fram aðrir valkostir við lagningu slóða að útmörkum stoðvirkjasvæðisins en sá sem nefndur er í tillögu að matsáætlun. Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að skoðaðar verði aðrar leiðir við lagningu slóða upp að stoðvirkjasvæði en sú leið sem fram kemur í tillögunni og samanburður gerður á umhverfisáhrifum þeirra.

Áhrifaþættir framkvæmdar

Í kafla 4.2 er fjallað um þá þætti í umhverfi sem hugsanlega geta orðið fyrir áhrifum af framkvæmd og starfsemi. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 13. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum nr. 671/2000 skal í tillögu að matsáætlun m.a. koma fram lýsing á því hvernig fyrirhugað er að standa að mati á umhverfisáhrifum, s.s. gagnaöflun, rannsóknasvæði, tímasetningu athugana, tíðni mælinga, úrvinnslu gagna og aðferðir við mat og framsetningu niðurstaðna. Umhverfisstofnun telur að í tillögu að matsáætlun mætti gera betri grein fyrir framangreindum atriðum.

Gróður

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að gróðurhverfi verða kortlögð og birt í mkv. ca. 1:10.000 og að skráðar verði tegundir blómplantna og byrkinga á framkvæmdasvæðinu. Jafnframt verður umhverfi framkvæmdasvæðis skoðað til samanburðar og gerð grein fyrir áhrifum framkvæmda á gróður utan framkvæmdasvæðis.

Umhverfisstofnun telur að fram þurfi að koma hvenær rannsóknir á gróðurfari munu fara fram. Jafnframt telur stofnunin að birta ætti yfirlitskort af gróðurlendum í matsskýrslu.

Umhverfisstofnun telur einnig mikilvægt að í umfjöllun um gróður í matsskýrslu komi skýrt fram hvort og þá hvar sjaldgæfar tegundir eða tegundir á valista Náttúrufræðistofnunar

Íslands er að finna á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Æskilegt væri að afmarka á korti fundarstaði slíkra tegunda, ef þær er að finna á framkvæmdasvæðinu.

Fuglalíf

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að Náttúrustofa Vestfjarða gerði sl. sumar athuganir á fuglum á framkvæmdasvæðinu. Svæðinu verður skipt í undirsvæði með einsleitu fuglalífi og gerð grein fyrir fuglategundum á hverju undirsvæði.

Umhverfisstofnun telur að tilgreina þurfi nákvæmlega hvenær rannsóknir á fuglalífi voru gerðar og hvaða aðferðum var beitt við rannsóknirnar. Að mati stofnunarinnar er eðlilegt að þéttleiki fugla á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði verði metinn. Í matsskýrslu þarf að koma fram hvort fuglalíf er sérstætt á einhvern hátt, gera grein fyrir fágætum tegundum og lýsa áhrifum framkvæmdar á fuglalíf á héraðs- og landsvísu.


Landslagsheildir

Í tillögu að matsáætlun er ekki fjallað sérstaklega um áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á landslagsheildir. Umhverfisstofnun bendir á nauðsyn þess að könnuð verði áhrif framkvæmdarinnar á landslagsheildir.

Sjónræn áhrif

Í kafla 4.2.8 er fjallað um samfélagsleg áhrif snjóflóðavarnanna. Sýnt verður með kortum, teikningum og myndum hvernig útlit svæðisins verður eftir að framkvæmdum lýkur og þær bornar saman við útlit svæðisins í dag. Umhverfisstofnun vill benda á nauðsyn þess að afmarka sérstaklega áhrifasvæði vegna sjónrænna þátta, en það er oft talsvert víðfeðmara en áhrifasvæði vegna beinna áhrifa á landslag eða náttúrufarsþætti.

Virðingarfyllt,


Sigrún Friðriksdóttir
fagsviðsstjóri
Helgi Jónsson
forstöðumaður framkvæmda-
og eftirlitssviðs